

Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmót iðn – og verkgreina er haldið annað hvert ár. Þangað senda iðn - og verknámsskólar einn til tvo nemendur hver til að keppa í sinni iðngrein. Íslandsmótið er fjölbreytt og skemmtilegt og veitir nemendum tækifæri til að sýna færni sína og kunnáttu í iðn - og verkgreinum.



Rafbók

www.rafbok.is

Rafbók er netbókasafn rafiðnaðarins og þar er námsefni rafiðnaðarnema aðgengilegt án endurgjalds.

Aðgangur að rafbók er öllum heimill en nauðsynlegt að skrá sig.

*Rafrænt
námsefni
www.rafbok.is*

www.straumlina.is

Skoðaðu vefinn okkar www.straumlina.is

Þar eru upplýsingar um nám í rafiðngreinum og störf þeim tengdum.



Viltu verða rafvirki?

Upplýsingar um nám í rafvirkjun



Störf rafiðnaðar-
manna eru fjölbreytt
og mikil eftirspurn er
eftir fólki.

Störf rafvirkja

Rafvirki starfar við uppsetningu, viðgerðir og eftirlit með rafbúnaði. Hann vinnur á verkstæðum, í nýbyggingum, í farartækjum á sjó og landi, í orkufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og iðjuverum.

Rafvirki þekkir vel til mismunandi raflagnaefnis og til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa.

*RAFVIRKI
er
lögverndað
starfsheiti.*

Nám í rafvirkjun


Rafvirkjun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár, 164 einingar, að meðtöldu grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun undir leiðsögn meistara. Grunnám í rafiðnum er 80 einingar og sameiginlegt öllum rafiðngreinum.

Nemendur fást við fjölbreytt og flókin verkefni sem reyna mjög á sjálfstæði þeirra.

Tvær leiðir standa til boða, verknámsleið í skóla eða sannigsbundið iðnnám hjá meistara.

Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og inngöngu í meistaranám.

Námið er lánshæft hjá LÍN eftir fyrstu tvær annirnar.



Rafvirki notar viðeigandi mælitæki við störf sín.

Skólar sem kenna rafvirkjun

Raftækniskóli Tækniskólans í Reykjavík	www.tskoli.is
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti	www.fb.is
Iðnskólinn í Hafnarfirði	www.idnskolinn.is
Fjölbrautarskóli Vesturlands, Akranesi	www.fva.is
Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra	www.fnv.is
Verkmenntaskólinn á Akureyri	www.vma.is
Verkmenntaskóli Austurlands *	www.va.is
Fjölbrautarskóli Suðurlands *	www.fsu.is
Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Reykjanesbæ	www.fss.is

* kenna eingöngu grunnám.

Stúdentspróf

Flestir skólar bjóða upp á viðbótarnám til stúdentsprófs. Ef nemandi stefnir á háskólanám í rafmagnstæknifræði eða rafmagnsverkfræði þarf að bæta við rafiðnaðarnámið áföngum í stærðfræði og tungumálum.

Nám í rafiðngreinum er mjög góður undirbúningur fyrir slíkt nám.



Rafvirki býr yfir
hæfni til að vinna
sjálfstætt og getur
leiðbeint öðrum.

*Þú ert ekki
bara stúdent
þegar þú ert
rafvirki.*



Nám í rafiðn-
greinum er
góður valkostur
til framtíðar.